

**Nd.**

## **81. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á nokkrum vörutegundum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Jón Ólafsson.

### **1. gr.**

Bannað er að flytja til landsins kjöt og kjötmeti, i hverri mynd sem er, fisk og fiskmeti, i hverri mynd sem er, osta, egg, eggjaduft, smjör og kartöflur.

Bann við innflutningi á kartöflum gildir þó aðeins frá 1. september til 31. desember ár hvert.

### **2. gr.**

Ef sérstakar ástæður mæla með, er atvinnumálaráðherra heimilt, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að veita undanþágu frá banni því, er í 1. gr. getur, um ákveðið tímabil að því er snertir innflutning á smjöri og kartöflum.

### **3. gr.**

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á vörur þær, er um getur í 1. gr., og má í reglugerð ákveða sektir fyrir brot.

### **4. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innfluttar vörur skal endursenda eða gera upptækar, og rennur andvirði þeirra þá í ríkissjóð.

### **5. gr.**

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. 3. gr., skulu sæta meðferð ahmennra lögreglumála.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **G r e i n a r g e r ð.**

Nú er komið fram í Ed. frv. til laga um að nema úr gildi lög nr. 1 frá 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi. Í skjóli þessarar heimildar hefir verið takmarkaður eða með öllu tekið fyrir innflutning á nokkrum af þeim vörutegundum, er frv. ræðir um. Hömlur þessar hafa óneitanlega orðið til þess, það sem þær ná, að ýta mjög undir framleiðslu á þessum vörum, enda er nú svo komið, að þessi framleiðsla landsmanna fullnægir nú að mestu þörfum þeirra, ef óvenjulegar ástæður, eins og t. d. kartöflusýki og ill nýting heyja í stórum hluta landsins að þessu sinni, hamlar ekki framleiðslunni. Þykir sjálfsagt að taka tillit til þessa, og á því er byggð undanþáguheimild sú, er felst í frv.

Hvað sem ofan á verður um frv. það, sem fyrir Ed. liggur um afnám innflutningshaftanna, þá þykir ekki rétt að láta þessa nauðsynlegu vernd fyrir framleiðsluvörur landsmanna hvíla á svo ótryggum grundvelli sem reglugerðarheimild sú, sem felst í lögnum frá 1920, er, heldur virðist bæði tímabært og nauðsynlegt að hafa um þessi efni bein lagafyrirmæli.